

Alþingi
Erindi nr. P 131/49
komudagur 12.11.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING
Reykjavík, 11. nóvember 2004

TILVÍSUN
2004100328
T-ums 4/04


Umsögn um 7. mál, hlutfall fjármagnstekjuskatts, frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Í bréfi dagsettu 20. október 2004 óskar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 7. mál, sem fjallar um hlutfall fjármagnstekjuskatts. Fer hún hér á eftir.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr 10% í 18% og jafnframt verði sett skattleysismörk við 120.000 kr. tekjur einstaklinga á ári. Hvað tillögu um hækkun skatthlutfallsins varðar þá er slíkt ákvörðun sem alla jafna hefur ekki teljandi áhrif á skattframkvæmd. Uptaka skattleysismarks myndi hins vegar hafa nokkur áhrif á skattframkvæmd. Samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, skal innheimta í staðgreiðslu 10% tekjuskatt af vöxtum og arði eins og nánar er kveðið á um í lögnum. Um uppgjör staðgreiðslu skv. lögnum gilda ákvæði VIII. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, eftir því sem við á. Uptaka skattleysismarksins myndi hafa áhrif á skattframkvæmd að því leyti að taka yrði tillit til skattleysismarksins við álagningu opinberra gjalda hjá þeim einstaklingum sem hafa haft 120.000 kr. eða lægri fjárhæð í fjármagnstekjur. Er það í sjálfu sér ekki erfitt úrlausnarefni.

Með skattleysismörkum eins og lögð eru til, 120.000 kr. á einstakling, myndu væntanlega yfir 80 - 90% framteljenda ekki borga skatt af fjármagnstekjum. Að óbreyttri staðgreiðslu af vöxtum og arði myndu þeir fá staðgreiðsluna endurgreidda við álagningu. Staðgreiðsla af vöxtum er innheimt af bönkum og fjármálastofnunum eftir því sem vextir eru greiddir og er staðgreiðslunni skilað til ríkissjóðs einu sinni á ári. Staðgreiðsla af arði er innheimt og henni skilað við arðgreiðslu. Verði tekið upp frítekjumark fyrir fjármagnstekjur virðist því ljóst að taka þurfi lagaákvæði um staðgreiðslu af vöxtum og arði til endurskoðunar með það fyrir augum að laga þau að breyttum aðstæðum eða leggja þá staðgreiðslu niður.

Að öðru leyti sér ríkisskattstjóri ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.


Indriði H. Þorláksson

Virðingarfyllt


Guðrún Þorleifsdóttir